

# ENDURSKOÐUN & BÓKHALD

Kynningarblað Inkasso, dk hugbúnaður, PwC og KPMG

## Rétt nálgun ber góðan árangur

Á skömmum tíma hefur Inkasso vaxið úr litlu innheimtufyrirtæki í eitt af þeim stærri hérlandis. Fyrirtækið þjónustar mörg af stærri fyrirtækjum landsins auk fjölda stofnana og einstaklinga. Inkasso hefur alla tíð lagt megináherslu á að bjóða framúrskarandi þjónustu.

Inkasso er framsækið innheimtufyrirtæki sem sinnir innheimtu fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum landsins, stofnanir og einstaklinga. Fyrirtækið var stofnað árið 2010 og hefur á skömmum tíma þróast úr litlu og lítt þekktu innheimtufyrirtæki yfir í eitt af stærri innheimtufyrirtækjum landsins. Inkasso skipti um eigendur í lok árs 2012 og féll í kjölfarið undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins (FME).

Georg Andersen tók við sem framkvæmdastjóri um áramótin eftir að hafa gegnt stöðu framkvæmdastjóra móðurfélags Inkasso allt síðasta ár. Hann segir að frá því Inkasso tók til starfa vorið 2010 hafi áherslan alltaf verið á að bjóða upp á framúrskarandi þjónustu sem væri gjaldfrjáls fyrir viðskiptavinum en um leið sveigjanleg fyrir greiðendur krafanna.

„Innheimtukostnaður fyrirtækja getur verið hár og er oft umdeilanlegur. Nálgun Inkasso í innheimtu hefur verið önnur en hjá öðrum í sambærilegri starfsemi. Bæði er gjaldskrá okkar lægri en almennt gerist auk þess sem fyrirtækið hefur haft það að leiðarljósi að reyna að skilja aðstæður ólíkra skuldara og að koma til móts við þá eins og hægt er þegar við á.“

Í dag nýta um tvö þúsund viðskiptavinir þjónustu Inkasso og velta og umfang viðskipta eykst jafnt og þétt að sögn Georgs. „Það má segja að Inkasso setji mannlegri svip á innheimtu en aðrir. Það er hluti af hagkerfi okkar Ís-landinga að fólk og fyrirtæki eigi í lánsviðskiptum þannig að vara

og þjónusta séu seld út í reikning. Það er líka hluti af samfélagi okkar að þeir sem fá lánað geta ekki alltaf staðið í skilum. Því er það sjálfsgætt hlutur að kröfuhafi geti leitað réttar síns og fengið aðstoð við innheimtu. Auðvitað verður að fara varlega í sakirnar og ekki fara of fari í innheimtu. Það getur í raun haft þveröfug áhrif og niðurstaðan um leið verið neikvæð fyrir kröfuhafann þannig að skuldin hreinlega innheimtist ekki. Þess vegna hefur nálgun okkar borið svo góðan árangur því við leitum leiða til að ná árangri í samvinnu við skuldarann.“

Annað sem einkennir Inkasso að sögn Georgs er sá hugbúnaður sem fyrirtækið notast við og það hugbúnaðarviðmót sem viðskiptavinir fyrirtækisins notast við. „Félagið þróaðist upp úr hugbúnaðarfyrirtæki á sínum tíma og þar liggur einn helsti styrkur þess. Hugbúnaðarlausnir félagsins sem það býður viðskiptavinum sínum eru því virkilega góðar og notendavænar. Til viðbótar við þetta hefur Inkasso hafið samstarf við systurfyrirtæki sitt Faktoria um skammtímafráfar- mognun til viðskiptavina okkar með veði í skammtímaskuldum þeirra. Þetta er nýjung á markaði sem hefur reynst mörgum fyrirtækjum gott tæki til að sjóðstýringar.“

Um tuttugu starfsmenn starfa hjá Inkasso en fyrirtækið er með tvær starfsstöðvar; í Reykjavík og á Siglufirði, þar sem þjónustuver er staðsett.

Allar nánari upplýsingar um Inkasso og þjónustu þess má finna á [www.inkasso.is](http://www.inkasso.is).



„Nálgun Inkasso í innheimtu hefur verið önnur en hjá öðrum í sambærilegri starfsemi,“ segir Georg Andersen, framkvæmdastjóri Inkasso.

MYNDR/GVA



Í dag nýta um tvö þúsund viðskiptavinir þjónustu Inkasso og umfang viðskipta eykst jafnt og þétt.



Inkasso hóf starfssemi árið 2010 og hefur alltaf lagt áherslu á framúrskarandi þjónustu.

## Pennan svip þekkjum við vel

Þetta er andartækið þegar viðskiptavinir okkar sjá raunverulegan árangur



**INKASSO**

– setur nýjan svip á innheimtu

## INKASSO INNHEIMTA

Innheimtakerfi Inkasso er afskaplega skilvirkt og veitir stjórnendum og bókhaldsfólki fyrirtækisins frábæra yfirsýn yfir stöðu krafna. Hjá Inkasso greiða kröfuhafar engan kostnað af innheimtuþjónustu.

Inkasso leggur áherslu á eðlileg og jákvæð samskipti kröfuhafa og greiðenda. Þannig náum við öll betri árangri.

Kynntu þér málið á [Inkasso.is](http://Inkasso.is) eða í síma 520 4040.

[www.inkasso.is](http://www.inkasso.is)




# Leiðandi fyrirtæki á sviði viðskipta- hugbúnaðar og upplýsingakerfa

Fyrirtækið dk hugbúnaður er framleiðandi dk viðskipta- og upplýsingakerfa. Starfsmenn dk hugbúnaðar veita aðstoð við úttekt á þörfum fyrirtækja og gefa góð ráð við endurskipulagningu þeirra. Ein af nýjungum dkPos er snjalltækjalausn fyrir veitingahús.

dk hugbúnaður er nú leiðandi fyrirtæki á sviði viðskiptahugbúnaðar fyrir smærri og meðalstór fyrirtæki. „dkPos-afgreiðslukerfið er viðbót við bókhaldskerfi dk hugbúnaðar. Afgreiðslukerfið kom á markað 2006 og hefur verið í mikilli sókn síðan, mest þó síðustu þrjú árin. Uppsettir kassar eru að nálgast átta hundruð svo við teljum okkur vera með mjög góða lausn fyrir íslenskan markað,“ segir Hafsteinn Róbertsson, kerfisfræðingur hjá dk hugbúnaði. „Við höfum fundið fyrir því að þegar fyrirtæki eru komin með mörg útibú og það þarf að hafa einfalt og gott aðgengi að öllum gögnum, skipta þau yfir til okkar. Viðskiptavinir okkar sem nota dkPos eru til dæmis veitingahús, fataverslanir, margs konar sérvörverslanir, apótek, heilbrigðisþjónusta og ferðaþjónustufyrirtæki. Öll almenn vinnsla er einföld og þægileg í kerfinu, hvort sem þarf að skanna inn lyfseðil, geyma sölu á borð, prenta eldhúsbommur eða skrifa út farmiða.“

Einn af kostum dkPos-afgreiðslukerfisins er að það er algerlega samtengt dk-bókhaldskerfinu. Til dæmis fer öll umsýsla birgða og viðskiptamanna fram á einum miðlægum stað. „Lítið mál er að breyta eiginleikum vöru og senda á afgreiðslukassa og skiptir þá ekki máli hvar afgreiðslukassarnir eru staddir á landinu. Afsláttarvinnslur og verðbreytingar verða leikur



Afgreiðslukerfisteymið hjá dk hugbúnaði hefur það að markmiði að viðskiptavinir fyrirtækisins njóti bestu lausna og þjónustu hverju sinni. MYND/GVA


einn með kerfinu svo og utanumhald viðskiptavina, hvort sem það er að senda reikninga á þá í gegnum innheimtukerfi banka eða umsýsla í vildarkerfum. Boðið er upp á margs konar útfærslur á vildarkerfum allt eftir kröfum hvers og eins. Þegar kemur að uppgjöri frá kassa yfir í bókhald er nægjanlegt að ýta á takka og er þá allt komið og uppfært í fjárhagsbókhaldinu. Allur innsláttur á dagsuppgjöri er óþarfur, sem

sparar mikinn tíma og yfirsýn yfir reksturinn verður betri.“

Hafsteinn segir bakvinnsluhluta dkPos gera rekstrarstjórum kleift að fylgjast nákvæmlega með sölu og birgðahreyfingum. „Hægt er að fylgjast með út frá auðlæsiglegum sülurítum. Maður þarf ekki að vera sérfræðingur í Excel til að geta nýtt sér upplýsingarnar sem

koma frá kössunum yfir í bakvinnsluna.“ Ekki eru gerðar kröfur um öflugan vélbúnað eða netkerfi, langoftast er hægt að nota það sem verslunin notar í dag þegar uppfært er í dkPos. Ein af nýjungunum er dkPos-snjalltækjalausn fyrir veitingahús.

„Pantanir eru gerðar í sal á iPhone, iPod eða iPad mini sem flýtir mikið fyrir afgreiðslu, sparar tíma og vinnu. Pantanir sendast beint inn í eldhús, viðskiptavinur nýtur hraðari afgreiðslu og þjónar þurfa ekki að hlaupa úr sal í eldhús með pantanir. Aukin krafa er orðin um nettari afgreiðslubúnað og þess vegna verður snjalltækjalausnin þróuð frekar á þessu ári svo úr verður sjálfstætt afgreiðslukerfi með posa sem keyrir á iPhone eða iPod,“ segir Hafsteinn.



Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Bryndís Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512-5434 Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



Fullbúin  
viðskiptalausn  
í áskrift  
Microsoft  
Dynamics  
NAV

Wise býður eitt mest selda  
bókhaldskerfi landsins  
í mánaðarlegri áskrift  
- NAV í áskrift.

Lágmarkaðu kostnaðinn  
og kynntu þér málið  
[www.navaskrift.is](http://www.navaskrift.is)



dynamics nav í áskrift

Office 365

Aðgangur að Office 365 fylgir með  
Microsoft Dynamics NAV í áskrift.\*



Windows Azure

Hýsing og afritun innifalin í Azure skýinu.  
Azure er gagnaver rekið af Microsoft, eitt  
öruggasta og öflugasta gagnaver í heimi.

grunnpakki

MICROSOFT DYNAMICS NAV 2015

- Fjárhagsbókhald
- Viðskiptavina- og lánadrottnakerfi
- Innkaupakerfi
- Birgðakerfi
- Markaðs- og sölukerfi
- Eignakerfi
- Verkbókhald
- Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja

Rafræn VSK skil

Rafræn sending reikninga

Þjóðskrártenging

Fríar uppfærslur

Enginn stofnkostnaður

kr. **9.900**  
pr. mán. án vsk

# Mikil áhersla á gæðaeftirlit og endurmenntun starfsfólks

Ljósbrá Baldursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarviðs PwC, segir miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi endurskoðenda undanfarin ár. Gæðaeftirlit hefur verið eflt til muna og mikil áhersla er lögð á endurmenntun starfsfólks. Hún segir starf endurskoðenda meira lifandi en margur heldur. Viðskiptavinir koma úr ólíkum áttum sem leiðir af sér fjölbreyttar áskoranir.

Endurskoðunarvið PwC er samsett úr þremur einingum. „Stærsta einingin er endurskoðun en meginhlutverk okkar sem endurskoðenda er að staðfesta áreiðanleika fjárhagslegra upplýsinga viðskiptavina okkar,“ segir Ljósbrá Baldursdóttir, sviðsstjóri endurskoðunarviðs PwC. „Við erum einnig með sérstaka viðskiptaþjónustu sem þjónar smærri fyrirtækjum og einstaklingum við bókhald, launaútreikninga, reikningsskil og skattaskil. Þar er jafnframt veitt ýmiss konar önnur aðstoð og ráðgjöf. Nýjasta þjónustan er „bókarinn heim“ en þá fá fyrirtæki bóka til sín. Það hefur verið vinsælt hjá smærri fyrirtækjum,“ upplýsir Ljósbrá. Þriðja einingin er svo innri endurskoðun en það er vaxandi þáttur í starfsemi PwC. „Við tökum að okkur innri endurskoðun og veitum ráðgjöf á því sviði.“

Ljósbrá er löggiltur endurskoðandi og tók við stöðu sviðsstjóra hjá PwC hinn 1. október síðastliðinn. Hún hóf störf hjá fyrirtækinu árið 2002.

En hvernig er að starfa sem endurskoðandi. Ertu á kafi í tölum allan daginn? „Við tökumst á við okkar skammt af tölum sem er að mínu mati afskaplega skemmtilegt. Hins vegar snýst starf okkar um miklu meira en það. Það skemmtilegasta við starfið er að fá að vera þátttakandi í starfi viðskiptavina okkar. Ég hitti mjög margt

fólk og starfið snýst að miklu leyti um að vinna með öðrum. Ég hef verið einstaklega heppin því bæði er samstarfsfólk mitt frá bært og svo hef ég verið heppin með viðskiptavinum. Þeir koma úr fjölbreyttu umhverfi og því alltaf nýjar áskoranir að takast á við.“

## Breytt starfsumhverfi

PwC er að sögn Ljósbrá þekkingarfyrirtæki. „Hjá okkur vinnur hópur sérfræðinga með mismunandi sérþekkingu þó svo flest okkar starfi við endurskoðun. Það hefur verið mikil breyting á starfi endurskoðenda undanfarin ár vegna breytinga í lagumhverfi og svo hefur hrúnið haft mikil áhrif. Við höfum lagt áherslu á að taka þátt í þróun og eflingu á sérfræðisviðum okkar. Við erum fullgildur aðili að PwC International og höfum því tekið á okkur auknar kvaðir og skuldbindingar um fagleg vinnubrögð sem samræmast reglum og aðferðafræði PwC á alþjóðavísu. Mér finnst nauðsynlegt að vinna í slíku umhverfi því það gerir það að verkum að starfið verður krefjandi og ég er alltaf að læra eitthvað nýtt,“ segir Ljósbrá.

## Reglubundið gæðaeftirlit

Ljósbrá segir PwC nálgast endurskoðun frá sjónarhóli stjórnenda og leggja starfsmenn



„Það skemmtilegasta við starfið er að fá að vera þátttakandi í starfi viðskiptavina. Þeir koma úr fjölbreyttu umhverfi og því alltaf nýjar áskoranir að takast á við.“

MYND/GVA

fyrirtækisins áherslu á að öðlast skilning á rekstraraumhverfi viðskiptavina. „Markmiðið með endurskoðun okkar er að skapa virðisauka fyrir okkar viðskiptavinum. Þá eru gæðamál einn mikilvægasti þátturinn í okkar starfi enda erum við undir reglubundnu gæðaeftirliti bæði innan PwC og á vegum endurskoðunarráðs,“ segir Ljósbrá og nefnir sem dæmi að þrjú endurskoðunarverkefni hafi farið í gæðaeftir-

lit hjá henni á þessu ári. „Þá erum við endurskoðendur líklega ein af fáum stéttum sem þarf að sinna eins mikilli lögbundinni endurmenntun. Við hjá PwC leggjum mikla áherslu á endurmenntun og erum með mjög þetta námskeiðsdagskrá hjá starfsfólki okkar. Við viljum tryggja það að við séum ávallt að vinna eftir nýjustu aðferðafræðinni ásamt því að fylgjast vel með öllum breytingum á lögum og reglum.“

pwc.is

## Fagmennska Þekking Samvinna

pwc

Reykjavík | Akureyri | Húsavík | Selfoss | Hvalsövellur

# Ekki bara endurskoðun

PwC á Íslandi er meira en bara endurskoðunarfélag. Þar er jafnframt boðið upp á umfangsmikla þjónustu á sviði fyrirtækja-, skatta- og lögfræðiráðgjafar.

Flestir tengja PwC á Íslandi við endurskoðun og dags daglega er talað um endurskoðunarfélagið PwC. „Það er þó aðeins hálfur sannleikurinn því í raun bjóðum við viðskiptavinum okkar upp á umfangsmikið þjónustuframboð á sviði skatta- og lögfræðiráðgjafar og fyrirtækjaráðgjafar til viðbótar við endurskoðun og reikningsskil,“ segir framkvæmdastjórinn Guðbrandur Sigurðsson.

„Við spyrjum gjarnan viðskiptavinum okkar að því hvað séu verðmæti í þeirra huga. Það sem vakir fyrir okkur með spurningunni er að tryggja að samstarfið við PwC skapi þau verðmæti sem viðkomandi aðili sækist eftir. Markmiðið er að aðstoða viðskiptavinum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur.“

**Alþjóðlegt samstarf veitir mikilvægar upplýsingar**  
Guðbrandur segir það skipta miklu máli fyrir alla að geta aðlagð sig breytingum á rekstraraumhverfi fljótt og örugglega. „Samstarf okkar við PwC á alþjóðavísu gerir okkur kleift að miðla þekkingu á slíkum breytingum til viðskiptavina okkar sem geta nýtt þær til að stíga fram og ná betri árangri. Gott dæmi um slíkt er hin alþjóðlega stjórnendakönnun sem PwC gerir á hverju ári meðal ríflega 1.300 forstjóra um heim allan. Könnun þessi er einstök og veitir mikilvægar upplýsingar um hvernig helstu ráðamenn atvinnulífs og opinberrar stjórnsýslu horfa á framtíðina. Niðurstöður átjánnda könnunarinnar verða kynntar í lok janúar á hinum víðfræga Davos-fundi í Sviss.“

## Öflugasta launarannsókn sinnar tegundar

Í rekstri margra fyrirtækja eru laun stærsti einstaki kostnaðarliðurinn. „Það er því mikilvægt að hafa greinargóða yfirsýn yfir laun fyrirtækisins. Launagreining PwC er stærsta og öflugasta launarannsókn sinnar tegundir héraðs og byggir á raungögn um laun meira en 15.000 starfsmanna á Íslandi. Launagreining vegna ársins 2014 verður gefin út á næstu dögum og mun veita þátttökufyrirtækjum og þeim sem kaupa skýrsluna veigamiklar upplýsingar um þróun launa starfsfólks eftir stöðu og stærð fyrirtækjanna,“ upplýsir Guðbrandur.



Markmið okkar er að aðstoða viðskiptavinum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur.

MYND/GVA

## Sókn til framtíðar – ný þjónusta

„Sókn til framtíðar“ er að sögn Guðbrands ný þjónusta fyrirtækjaráðgjafar PwC sem er ætluð fyrirtækjum sem vilja ná fram raunverulegum umbótum í rekstri og styrkja þannig grunn þeirra að kröftugri uppbyggingu til framtíðar. „Verkefnið byggir á nokkrum verkþáttum sem gefur fyrirtækjum þann sveigjanleika sem hentar hverju og einu. „Sókn til framtíðar“ hefst á frumgreiningu þar sem gerð er úttekt á viðkomandi fyrirtæki. Í kjölfarið er áætlað hvaða aðgerðir séu mögulegar til skemmrí tíma litid til að draga úr kostnaði og bæta rekstur. Framhaldið er svo sniðið eftir þörfum hvers og eins.“

## Fimm starfsstöðvar

Fyrir utan aðalskrifstofu félagsins í Reykjavík er PwC á Suðurlandi með skrifstofur á Selfossi og Hvalsövellum og PwC á Norðurlandi er með skrifstofur á Akureyri og Húsavík.



# Pappírslaust bókhald er framtíðin

Uppgjörs- og bókhaldssvið KPMG hefur verið starfandi frá árinu 2007. Sviðið sérhæfir sig í að veita þjónustu á sviði bókhalds, launaútreiknings, ársreikningagerðar og gerðar skattframtala fyrir einstaklinga og lögaðila. Fyrirtækið er með aðsetur á þrettán stöðum á landinu.

Viðskiptavinir eru fjölmargir, allt frá litlum rekstraraðilum til stærri fyrirtækja. Við erum með aðsetur um allt land en á undanföllum árum hefur skrifstofum og starfsstöðvum á landsbyggðinni fjölgað jafnt og þétt,“ segir Olgeir Jón Þórisson, viðskiptafræðingur og verkefnastjóri á uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG.

„Í dag erum við með aðsetur á þrettán stöðum á landinu og vinnum fyrir flestar atvinnugreinar en þar má nefna verslanir, veitingastaði, lækna, fasteignafélög, iðnaðarmenn, bændur og útgerðarfélög.“

## Föst verð hafa gefist vel

Olgeir Jón segir að hjá KPMG starfi öflugur hópur fólks með mikla reynslu á sínu sviði. „Starfsmannavelta er lítil og starfsandinn góður sem við teljum lykilþátt í góðu gengi. Meðal starfsmanna eru löggiltir endurskoðendur, viðskiptafræðingar, viðurkenndir bókarar og fólk með mikla reynslu úr atvinnulífinu. Starfsfólkið er mikilvægasta auðlindin okkar og öflugur hópur jákvæðra starfsmanna heldur sviðinu gangandi,“ greinir hann frá.

Birna Mjöll Rannversdóttir endurskoðandi segir að undanfarin misseri hafi margir viðskiptavinir kosið að fá tilboð í viðskiptin. „Við höfum því í auknum mæli boðið föst verð þar sem viðskiptavinir greiða ákveðna fjárhæð á mánuði fyrir þjónustuna. Viðskiptavinum okkar líkar mjög vel þessi nýbreytni og sjáum við fram á að fjölmargir viðskiptavinir okkar bætist í þann hóp að velja fast verð.“

## Í mörgum tilvikum ódýrari kostur

„Það er ótrúlegt en satt að í mörgum tilvikum er ódýrara að láta færa bókhaldið hjá okkur en að ráða bókara í vinnu. Ef bókarinn er ekki í fullu starfi nýtist hann oft ekki nógu vel. Það er eins með launafulltrúana. Þeirra vinna fer mest öll fram í kringum mánaðamót og í mörgum tilvikum nýtist starfsmaðurinn ekki nægjanlega þess á milli. Viðskiptavinir okkar greiða aðeins fyrir þann tíma sem unninn er í hans þágu og því nýtist tíminn 100%. Í mörgum tilvikum kemur því betur út fyrir fyrirtæki að kaupa þjónustuna.

Viðskiptavinir okkar njóta þess að alltaf er einhver til staðar ef bókarinn eða launafulltrúinn fer í frí eða veikist, þá er alltaf til staðar mannskapur til að leysa af. Þar að auki er bókhaldið fært og afstemmt reglulega og stjórnendur hafa aðgang að upplýsingum um reksturinn þegar þeir kjósa,“ segir Birna Mjöll.

## Launaútreikningur stjórnarmanna og æðstu stjórnenda

„Það er ljóst að launaupplýsingar eru mjög viðkvæmar og í mörgum tilvikum kjósa stjórnendur að útvísta útreikningi launa sinna starfsmanna. Þar að auki hefur það færst í vöxt að við reiknum



Birna Mjöll Rannversdóttir endurskoðandi og Olgeir Jón Þórisson viðskiptafræðingur eru verkefnastjórar á uppgjörs- og bókhaldssviði KPMG.

MYND/GVA



KPMG er með aðsetur á þrettán stöðum á landinu og þjónar margvíslegum fyrirtækjum og einstaklingum.

laun einungis fyrir hluta starfsmanna viðskiptavina okkar t.d. stjórnarmanna og æðstu stjórnenda,“ bendir Birna á.

## Pappírslaust bókhald er framtíðin

Olgeir Jón segir að það séu miklar breytingar fram undan í bókhaldsbransanum en frá og með 1. janúar 2015 tekur ríkið einung-

is á móti rafrænum reikningum. „Þau fyrirtæki sem eru í viðskiptum við ríkið þurfa því að geta sent reikninga rafrænt. Hér er ekki átt við að nægjanlegt sé að senda reikninga með tölvupósti heldur skulu reikningar vera á XML-formi og eru þeir sendir í gegnum skeytamiðlara. Sum fyrirtæki hafa farið þessa leið við útsendingu reikninga um árabíl en nú

þegar ríkið og síðar Reykjavíkurborg mun ekki taka á móti reikningum í öðru formi eru líkur á því fleiri fyrirtæki fylgi í kjölfarið og geri þá kröfu að allir reikningar verði rafrænir. Við sjáum því fyrir okkur að það verði snjóboltaáhrif af þeirri ákvörðun ríkis og Reykjavíkurborgar að stíga þetta skref. Ef bókhaldskerfi geta móttekið rafræna reikninga getur það

haft í för með sér gífurlegan pappír- og tímasparnað. Ef bókhaldskerfið móttekur alla reikninga rafrænt og stjórnendur samþykkja þá rafrænt fæst mikill tímasparnaður, auk þess eru minni líkur á að reikningar tynist. Flest bókhaldskerfi bjóða upp á þá lausn að inn- og útborganir séu sóttar og bókaðar með rafrænum hætti,“ segir Olgeir Jón.